





Framtíð Menntaskólans við Sund Sjónarhorn: Fjarnám



Ósa Knútsdóttir
Þorbjörn Guðjónsson

Samantekt:

Í skýrslu þeirri sem hér fer á eftir er leitast við að kynna fyrirkomulag fjarkennslu/fjarnáms eins og það er framkvæmt í framhaldsskólum hér á landi svo og vangaveltur um hvort og þá á hvern hátt fjarnám gæti átt við í námsframboði Menntaskólans við Sund. Fjarnám er mikilvægur valkostur í skólakerfi okkar Íslendinga og er markmið þess að gefa sem flestum kost á því að stunda framhaldsnám óháð aldri, stað og stund. Stöðugt fleiri einstaklingar á öllum aldri og af mismunandi stigum þjóðfélagsins nýta sér fjarnám á framhaldsskólastigi og hefur aðsókn í námið farið ört vaxandi á undanförunum árum.

Helstu niðurstöður okkar eru þær að það myndi tvímælaust styrkja Menntaskólann við Sund að taka upp fjarnámskennslu en þó ekki endilega á sama hátt og aðrir framhaldsskólar þ.e. að hún komi einungis sem viðbót við hefðbundið nám í dagskóla. Við leggjum áherslu á að fjarkennsla, sem tekin yrði upp hér væri fyrst og fremst hugsuð til þess að byggja upp og styrkja skólann innan frá, með hagsmuni nemenda okkar að leiðarljósi og héldist í hendur við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar skólans. Við veljum þess vegna að nota hugtakið netstutt/netvætt nám um þá leið sem við teljum æskilegasta fyrir Menntaskólann við Sund.

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
Markmið með fjarnámi	3
II. Fyrirkomulag fjarkennslu/fjarnáms:	4
1. Umsjónarmaður/fjarnámsstjóri:	4
2. Námskeiðsvefur:	4
WebCT	5
3. Námsframboð:	5
4. Vinnuframlag kennara:	6
5. Reynsla kennara	7
6. Greiðslur til kennara:	8
7. Verðlagning náms:	9
III. Möguleikar Menntaskólans við Sund:	11
1. Hefðbundið fjarnám,	11
Kostir	11
Gallar	12
2. Netstutt/Netvætt nám:	12
IV. Lokaorð:	14
Fylgiskjal I Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám	17
Fylgiskjal II WebCt af heimasíðu Skýrr	23
Fylgiskjal III Stofnanasamningur um greiðslur fyrir fjarkennslu VMA	25
Fylgiskjal IV Samkomulag um fjarnámsgreiðslur í FÁ	29
Fylgiskjal V Námsgjöld VÍ	30
Fylgiskjal VI Námsgjöld FÁ	31
Fylgiskjal VII Námsgjöld FG	32
Fylgiskjal VIII Námsgjöld VMA	33

I. Inngangur

Tilgangur þessarar skýrslu er að leitast við að kynna fyrirkomulag fjarkennslu/fjarnáms með kostum þess og göllum og velta fyrir sér hvort og þá hvernig fjarnám gæti átt við í námsframboði Menntaskólans við Sund. Við vinnuna voru skoðaðar heimasíður þeirra framhaldsskóla sem halda úti fjarkennslu og einnig var haft samband við umsjónarmenn fjarnáms í nokkrum skólanna svo og kennara sem langa reynslu hafa af fjarkennslu. Í fyrri hluta greinargerðarinnar er farið nokkrum orðum um fyrirkomulag fjarkennslu eins og hún er skipulögð í framhaldsskólum í dag, fjallað um námsvef, námsframboð, vinnuframlag kennara, greiðslur til kennara, reynslu kennara af fjarkennslu og verðlagningu námsins í nokkrum skólum. Í seinni hlutanum er síðan leitast við að koma með hugmyndir um hvort og þá á hvern hátt taka mætti upp fjarnám/netvætt nám við Menntaskólann við Sund.

Markmið með fjarnámi

Markmiðið með fjarnámi er að gefa sem flestum kost á því að stunda framhaldsnám óháð aldri, stað og stund. Stöðugt fleiri einstaklingar nýta sér þennan valkost og hefur aðsókn í fjarnám farið ört vaxandi hér á landi á undanförunum árum. Samkvæmt Arnóri Guðmundssyni, þróunarstjóra í Menntamálaráðuneytinu hefur fjarnemum fjölgað mun meira en öðrum nemendum á framhalds- og háskólastigi og voru þeir árið 2006, 9% nemenda á framhaldsskólastigi en 17% háskólanema (UT-blaðið 24 .janúar 2006). Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru, árið 2007, samtals 4.268 nemendur skráðir í fjarnám á framhaldsskólastigi.

Fjarnemendur framhaldsskólans eru breiður hópur fólks á öllum aldri. Framhaldsskólanemendur geta tekið áfanga í fjarnámi, bæði í sínum eigin skóla og einnig í öðrum framhaldsskólum og stytt þannig leið sína að lokaprófi. Námsmenn sem dveljast erlendis geta nýtt sér fjarnám til þess að dragast ekki aftur úr í námi sínu. Fólk á almennum vinnumarkaði á þess kost að ljúka námi, eða að bæta við fyrri nám, til þess að styrkja stöðu sína á atvinnumarkaði, án þess að þurfa að láta af störfum og grunnskólanemar sækja í síauknum mæli í fjarnámsáfanga

framhaldsskólanna. Í skýrslu starfshóps Menntamálaráðuneytis um fjar- og dreifnám, frá janúar 2007 (sjá meðfylgjandi: Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám, fylgiskjal I) er lögð áhersla á mikilvægi þess að jafna aðstöðu til náms óháð búsetu, bæði á grunn og framhaldsskólastigi. Hópurinn telur mikilvægt að efla og auka fjar- og dreifnám þar sem sívaxandi eftirspurn sé eftir þessari námsleið og að tryggja um leið áframhaldandi þróun og gæði kennslunnar m.a. með öflugri miðlægri upplýsingaveitu um námsframboð á hverjum tíma og auknu samstarfi þeirra skóla sem bjóða upp á fjar- og dreifnám.

II. Fyrirkomulag fjarkennslu/fjarnáms:

1. Umsjónarmaður/fjarnámsstjóri:

Sérhver skóli hefur fastan umsjónarmann/fjarnámsstjóra sem heldur utan um fjarnámið. Launagreiðslur eru í formi stöðugilda, allt upp í fullt starf með fastri yfirvinnu eða kennsluafsláttar með launaprepshækkunum.

Á heimasíðum skólanna er sér krækja fyrir fjarnámsvef og er þar að finna mjög ýtarlegar upplýsingar um allt er varðar námið svo sem áfanga í boði, skráningu, skráningargjöld, fyrirkomulag náms, réttindi og skyldur nemenda og kennara, leiðbeiningar um notkun námskeiðsvefsins WebCT, prófafyrirkomulag o.fl. Lögð er áhersla á gott aðgengi að fjarnámsstjóra og hraða úrlausn vandamála er upp kunna að koma í tengslum við námið.

2. Námskeiðsvefur:

Fyrirkomulag fjarkennslunnar er yfirleitt þannig að námsáætlanir, verkefni, æfingapróf og annað sem tengist náminu er gert aðgengilegt í sérstöku kennsluumhverfi. Samskipti kennara og nemenda fara einnig fram í þessu umhverfi. Almennt má segja að námsefnið, yfirferðin og kröfur séu í samræmi við annað nám í viðkomandi skóla. Nemendur nota sömu kennslubækur og aðrir nemendur framhaldsskólans og nálgast þær á sama hátt (bókabúðir eða bóksölur viðkomandi skóla).

WebCT

Það kennsluumhverfi sem mest er notað (nánast eingöngu) kallast WebCT.

Almenna lýsingu á forritinu má finna á heimasíðu Skýrr

(<http://www.skyrr.is/thjonusta/webct/>). Upplýsingarnar eru einnig í viðauka (sjá fylgiskjal II). Nánari útlistingu á notendaumhverfi, uppsetningu og ýmsum stillingum má finna á slóðinni <http://fjarnam.khi.is/webCT/kennarar.htm>.

3. Námsframboð:

Námsframboð skólanna sem allir eru áfangaskólar (Verslunarskólinn heldur reyndar uppi bekkjarkennslu í dagskóla en námið er allt áfangaskipt) miðast við áfangakerfi viðkomandi skóla og tekur að fullu mið af áfangalýsingum og kröfum hlutaðeigandi áfanga og greina í dagskólanum. Námsefni er því það sama og í dagskólanum. Námsannir eru tvær til þrjár, þ.e. haustönn, vorönn og sumarönn, en hún er ekki kennd í öllum skólunum. Vor- og haustannir eru svipaðar að lengd og í dagskóla en sumarönnin er styttri, yfirleitt um það bil 8 vikur. Yfirleitt er gert ráð fyrir að nemendur taki að hámarki 9 einingar á önn. Miðað er við að vinnuframlag fyrir hverja einingu sé u.þ.b. 3 klst. á viku. Þannig samsvara 9 einingar u.þ.b. 27 klst. vinnu á viku.

Umfang námsframboðs skólanna er misjafnlega mikið en sem dæmi má nefna að í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er boðið upp á um 120 áfanga í fjarnámi á þremur önnum á ári. Skólarnir leitast við að bjóða upp á sem flesta áfanga á öllum önnum, en sumir áfangar geta þó verið bundnir við annaðhvort haustönn eða vorönn. Nýting áfanga er mjög góð en færri nemendur virðast þó skrá sig í fjarnám á vorönn heldur en haustönn.

Ekkert ákveðið viðmið virðist vera um skráðan fjölda nemenda í hina ýmsu áfanga (sumir nefna þó 10-15 sem lágmark) og virðist því frekar spurning hve mikla vinnu kennari er tilbúinn að leggja á sig (hugsanlega 30 nemendur eða jafnvel fleiri) og/eða hvort hann er tilbúinn til að kenna fáum eða jafnvel einum nemanda. Verslunarskólinn setur sér þá reglu að kenna alla áfanga jafnvel þó aðeins einn nemandi skrái sig í þá. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða verulega

fáa nemendur í áfanga er oft um að ræða að áfanginn sé nauðsynlegur svo útskrift geti orðið í tæka tíð eða að um sé að ræða áfanga á fámennum, sérhæfðum brautum. Einstaka valáfangar eru felldir niður ef ekki fæst í „sæmilegan“ hóp og er það þá samkomulagsatriði við viðkomandi kennara. Fornám/almennar námsbrautir eru ekki kenndar í fjarnámi, en stöku hægferðaráfangar.

Brottfall úr fjarnámi er töluvert. Almennt er talað um að vænta megi að einungis 55-60% fjarnámsnemenda að hámarki ljúki prófum. Þeir umsjónamenn sem haft var samband við telja fjarnámsmarkaðinn ekki mettaðan þrátt fyrir síaukið framboð. Skráningum fjölgar stöðugt, ekki síst meðal grunnskólanema, sem sækja í mjög auknum mæli í grunnáfanga framhaldsskólanna. Stór hluti fjarnema eru framhaldsskólanemar sem bæði taka fjarnámsáfanga sem viðbót og til að flýta fyrir sér í námi. Annar stór hópur eru þeir sem falla í einstöku áföngum og vilja endurtaka í fjarnámi í von um að dragast ekki mikið afturúr. Töluvert er einnig orðið um að stúdentar sem hyggja á framhaldsnám erlendis sækji í fjarnám til þess að bæta einkunnir sínar vegna inntökukrafna frá viðkomandi háskólum. Allir benda umsjónarmennirnir á að brottfall sé töluvert og er þá einkum um að ræða yngstu og slökustu nemendurna sem ætla sé of mikið og þurfa jafnvel mest á hefðbundinni kennslu að halda. Þá skortir forsendur til að geta stundað umfangsmikið nám á eigin spýtur, bæði faglegan grunn og sjálfsaga.

4. Vinnuframlag kennara:

Fjarám er fyrst og fremst hugsað sem sjálfsnám undir handleiðslu kennara. Það kefst þess vegna mikils aga og skipulagningar af hálfu bæði nemenda og kennara. Segja má að hlutverk kennara sé tvíþætt, annars vegar undirbúningur fyrir námskeið og hins vegar utanumhald og eftirfylgni.

- Undirbúningur: Kennarinn setur fram, í upphafi annar, nákvæma kennsluáætlun sem inniheldur m.a. markmið áfangans og áætlaða yfirferð ásamt útskýringum á skipulagi kennslu og skiladögum verkefna. Nemendur fá síðan senda svo kallaða námspakka (lesefni + verkefni), ýmist í hverri eða

annarri hverri viku (mismunandi eftir þjónustustigi skóla) og fá fyrirfram ákveðinn tíma til þess að leysa þá. Augljóst er að mikil undirbúningsvinna er hjá kennurum í upphafi þegar fjarnám er tekið upp, því mikil vinna liggur í því að útbúa tilskylda námspakka með öllum þeim fylgigögnum svo og gagnvirkum æfingum/prófum sem þeim fylgja. Þannig má reikna með að kostnaður við þá vinnu sé umtalsverður.

- Utanhald og eftirfylgni: Kennarinn hefur samband við nemendahópinn reglulega, leysir úr fyrirspurnum og fer yfir úrlausnir. Mikil áhersla er lögð á það af hálfu skólanna að nemendur fái svör við fyrirspurnum sínum svo og mat á verkefnum svo fljótt sem auðið er enda er litið á það sem hvatningu til þeirra og jákvætt aðhald. Þjónustustig skólanna er mishátt en samt sem áður er greinilegt að kennsla í fjaráföngum er töluverð viðbót á vinnuálag kennara sem einnig kenna hefðbundna kennslu, jafnvel í fullu starfi og taka kannski að sér sumarkennslu að auki. Vegna þessa hafa sumir skólanna komið til móts við kennara og metið kennslu í fjaráföngum sem hlutfall að stöðu og/eða veitt afslátt af kennslu í dagskóla og einnig hefur í stöku tilvikum verið reynt að mæta kröfum kennara um hagræðingu í stundatöflu (sjá meðfylgjandi: Stofnanasamning um greiðslur fyrir fjarkennslu frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, fylgiskjal III, og Samkomulag um fjarnámsgreiðslur í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, fylgiskjal IV).

5. Reynsla kennara

Þeir kennarar sem rætt var við voru á einu máli um að fjarnám væri góður kostur bæði fyrir þá hópa sem af ýmsum ástæðum ættu örðugt með að sækja venjulegan dagskóla á framhaldsskólastigi en ekki síður fyrir þá nemendur sem vildu flýta fyrir sér í námi og/eða taka fleiri námseiningar af t.d. ólíkum brautum. Þeir bentu á að fjarnám væri á vissan hátt þroskandi fyrir nemendur því þar væri mikil krafa gerð til þeirra um öguð og vönduð vinnubrögð. Í því sambandi nefna þeir að elstu nemendurnir standi sig best. Þeir séu yfirleitt komnir með skýr markmið og hafi öðlast nægilegan þroska til að takast á við sjálfstætt nám.

Hvað samskipti við nemendur varðar benti fjarkennari við Verkmenntaskólann á Akureyri á að samskipti við nemendur í fjarnámi, þar sem hátt þjónustustig er, gætu að ýmsu leyti orðið nánari heldur en í hefðbundinni bekkjarkennslu. Aðrir kennarar töluðu um hættuna á því að einangrun nemandans og skortur á nánari tengslum sem myndast í hefðbundnu námi, gætu leitt til þess að nemendur gæfust upp og heltust úr lestinni. Kennararnir bentu á að hinar ýmsu námsgreinar framhaldsskólans væru mismunandi vel fallnar til fjarnáms. Töldu þeir t.d. skort á verklegum æfingum í raungreinum stóran galla, svo og takmarkaðar æfingar í munnlegri færni í tungumálum. Einnig bentu þeir á takmarkaða möguleika á samvinnuverkefnum og samræðum nemenda um námið sem æskilegar eru taldar út frá kennslufræðilegu sjónarhorni. Þeir sögðu þó að nota mætti hinar ýmsu spjallrásir á Netinu til að virkja nemendur í samræðum og töldu nauðsynlegt að kennarar kæmu þar annað slagið inn til þess að hvetja nemendur til dáða þannig að samræðurnar dögðu ekki uppi. Allir voru kennarnir sammála um að tíð samskipti við nemendur stuðluðu að betri árangri og minna brottfalli.

Hvað þá sjálfa varðar töldu kennararnir reynslu sína af fjarnámskennslu fremur góða. Það væri t.d. stór kostur að vera ekki alltaf rígbundin í kennslustofunni og geta jafnvel kennt nemendum sínum frá framandi löndum. Til gamans má geta þess að á vorönn 2008 fer fjarkennsla í dönsku í Fjölbrautaskólanum við Ármúla fram frá Danmörku. Kennararnir lögðu áherslu á mikið vinnuálag í upphafi hvers áfanga og þeir kennarar sem kenna í skólum þar sem áhersla er lögð á tíð samskipti við fjarnemendur sögðust að sjálfsögðu eyða miklum tíma fyrir framan tölvuna á kennslutímabilinu.

6. Greiðslur til kennara:

Um fjarkennslu hafa enn sem komið er ekki náðst í höfn miðlæg kjarasamningsákvæði, þrátt fyrir mikinn þrýsting Félags framhaldsskólakennara í nokkrum kjarasamningum. Sumir skólar hafa gert sérstaka samninga um fjarkennslugreiðslur og í sumum tilvikum eru þeir hluti af stofnanasamningum. Greiðslurnar eru mjög mismunandi milli skóla. Fjarkennsla er með afar mismunandi sniði, allt frá mikilli einstaklingsþjónustu til sjálfsnáms á vefnum og

getur það skýrt misjöfn kjör kennara. Félag framhaldsskólakennara hefur mörg undanfarin ár miðað lágmarkskjör kennara fyrir fjarkennslu við stofnanasamning Verkmenntaskólans á Akureyri (sjá Stofnanasamning um greiðslur fyrir fjarkennslu frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, fylgiskjal III) Til samanburðar höfum við tekið með samkomulag um fjarnámsgreiðslur í Fjölbrautaskólanum við Ármúla (sjá fylgiskjal IV).

Ekki eru allir á eitt sáttir hvað varðar greiðslur fyrir fjarkennslu. Óánægja hefur verið í sumum skólum með greiðslur fyrir uppbyggingu netkenndra áfanga þar sem kennarar telja þær greiðslur allt of lágar miðað við hversu mikinn tíma það tekur að búa áfangann til. Reyndar má segja að kennarar skiptist þarna í tvo hópa. Þeir sem segja sem svo að þeir fái þetta bætt þegar þeir eru búnir að keyra áfangann tvisvar til þrisvar og svo eru það hinir sem segja að þeir leggi svo rosalega mikla vinnu í að búa til nýjan netáfanganna að það nái ekki nokkurri átt hversu lág þessi startgreiðsla sé. Óánægjan virðist einkum ná til þeirra kennara sem nýta sér sem flesta möguleika kennslukerfisins t.d. nota talglærur og þar fram eftir götunum. Kennarar virðast hins vegar almennt þökkalega ánægðir með aðrar fjarkennslugreiðslur. Greinilegt er að miklu máli skiptir að ganga frá samkomulagi um greiðslur áður en lagt er af stað með fjarkennslu.

7. Verðlagning náms:

Fyrirkomulag greiðslu er mismunandi eftir skólum en algengast er að nemendur greiði ákveðið innritunargjald sem er óafturkræft, frá ca. 4000 kr. til ca. 6000 kr. Hver eining er síðan verðlögð sérstaklega. Námgjöld duga ekki fyrir launum og rekstrarkostnaði en á móti kemur að skólinn fær framlag á hvern nemanda frá ríkinu þar sem fjarnemendur fara að hluta til inn í nemendaígildin sem reiknast til skólans.

Verðlagning nokkurra skóla á vorönn 2008.

VÍ: Nemandi sem skráir sig í fjarnám, greiðir 5000 kr. í innritunargjald óháð einingafjölda. Verð fyrir hverja námseiningu er 2000 kr. Nemendur sem eru í dagskóla Verzlunarskólans greiða ekki innritunargjald vegna fjarnáms (sjá fylgiskjal V).

FÁ: Innritunargjald er 6.250 kr.og það óendurkræft. Hver eining kostar 1.500 kr. (sjá fylgiskjal VI).

FG: Innritunargjald er 6.500 kr. Hver eining kostar 4.000 kr. Skili nemandi sér í próf en stendst það ekki fær hann 1.600 kr. endurgreiddar fyrir hverja einingu. Ljúki nemandi prófi fær hann endurgreiddar 2.400 kr. fyrir hverja einingu (sjá fylgiskjal VII).

VMA: Innritunargjald 4.250 kr. greiða einungis þeir nemendur sem skráðir eru í 9 einingar eða fleiri. Innritunargjald er óafturkræft. Gjald fyrir námseiningar er á bilinu 5.000 til 4.300 kr. (lækkar með auknum fjölda eininga). Allir nemendur greiða kennslugjald miðað við fjölda eininga. Almennt gildir að þeir nemendur sem ljúka prófum í að lágmarki 9 einingum fá kennslugjald, vegna þeirra eininga sem þeir ljúka prófum í, endurgreitt í lok annar (sjá fylgiskjal VIII).

Samanburður kostnaðar milli þessara skóla

Kostnaður nemanda við skráningu

Skóli	Einingar					
	1	3	6	9	12	15
VÍ	7.000	11.000	17.000	23.000	29.000	35.000
FÁ	7.750	10.500	15.230	19.750	24.250	28.750
FG		18.500	30.500	42.500	54.500	66.500
VMA	5.000	15.000	30.000	44.750	58.280	70.250

Kostnaður nemanda standist hann 9 eða fleiri einingar

Skóli	Einingar					
	1	3	6	9	12	15
VÍ	7.000	11.000	17.000	23.000	29.000	35.000
FÁ	7.750	10.500	15.230	19.750	24.250	28.750
FG		11.300	16.100	20.900	25.700	30.500
VMA	5.000	15.000	30.000	4.250	4.250	4.250

Eins og sést á töflunum hér fyrir ofan þá er mjög kröftugt hvatakerfi innbyggt í gjaldskrána hjá bæði Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

III. Möguleikar Menntaskólans við Sund:

Hér fara á eftir samantekt og vangaveltur varðandi könnun okkar og hugsanlega hagnýtingarmöguleika Menntaskólans við Sund í framtíðinni.

Við skoðum kosti og galla hefðbundins áfangatengds fjarnáms og veltum upp hugleiðingum varðandi það sem við köllum netstutt eða netvætt nám.

1. Hefðbundið fjarnám, áfangatengt, sambærilegt við aðra framhaldsskóla.

Hér fyrir neðan er samantekt, í punktaformi, á því sem við teljum myndu vera helstu kosti og galla fyrir Menntaskólann við Sund.

Kostir

- fjölgun nemenda og þar af leiðandi þreyttra eininga við skólann
- minna brottfall (fjarnám bjargar ekki fallistum en gæti stutt við einstaka greinar svo og hjálpað þeim sem fara í endurtekt)
- í tengslum við þetta kerfi gæti skólinn boðið upp á sumarkennslu sem m.a. gæti flýtt fyrir sterkum nemendum svo og gert þeim mögulegt að skipuleggja nám sitt á ársgrunni
- stuðlar að nýsköpun og þróun kennsluhátta með breyttu námsskipulagi
- annars konar/fjölbreyttari námsgögn
- fleiri námsmöguleikar fyrir nemendur
- auglýsingagildi fyrir skólann – jákvæð ímynd út á við

- styður nemendur okkar og hjálpar t.d. þeim sem þurfa að vera fjarverandi af einhverjum ástæðum t.d. íþróttamenn, veikir nemendur, nemendur sem skipta um brautir o.s.frv.

Gallar

- mikill stofnkostnaður – skólinn verður að þola í ákveðinn tíma aukin útgjöld vegna nýrra aðstæðna s.s. hönnunar nýs námsefnis til fjarkennslu /námspakka, endurbóta á netumhverfi, endurmenntunar kennara svo og bættrar vinnuástöðu þeirra o.fl.
- mikið álag á kennara við uppsetningu og innleiðingu nýrra kennsluhátta.
- bindur MS við hefðbundið áfangakerfi því hæpið er að halda úti fjarnámi sem erfitt er að meta í öðrum framhaldsskólum.

2. Netstutt/Netvætt nám:

Í vangaveltum við vinnu okkar vaknaði hugmynd að nýju kerfi í MS. Netstutt/netvætt nám er möguleiki sem við teljum að myndi gagnast skólanum mjög vel. Í svona kerfi yrði allt nám kennt samtímis staðbundið og á Neti. Allri kennslu yrði haldið úti óháð nemendafjölda.

- Lotukennsla. Kennsla samkvæmt stundaskrá yfir ákveðið tímabil (önn/3-4 vikur og svo próf/lokaverkefni). Hér gætu komið inn sumarlotur í fjarnámi.
- Allt nám skilgreint í smærri einingar, eins konar námspakkaáyrirkomulag, þar sem námspakkar væru reiknaðir út frá vinnustundum nemenda.
- Stuðlar að nýsköpun og breyttum kennsluháttum svo og fjölbreyttari vinnuáferðum bæði kennara og nemenda.
- Eflir fagmennsku bæði kennara og nemenda.
- Fleiri og fjölbreyttari möguleikar við námsmat.
- Góðir nemendur gætu flýtt fyrir sér og komist hraðar í gegnum skólann með því að taka fleiri námspakka í einhverri grein á einni lotu. Kennslan yrði meira einstaklingsmiðuð.
- Taka mætti tilraunir út úr hefðbundinni stundatöflu og setja inn á ákveðnar vikur á önninni (hugsanlega að kvöldi) => annars konar þjónustustig.

- Munnleg þjálfun í tungumálum sett sér, á ákveðna daga/kvöld.
- Hópavinna (þverfagleg) sett sér, á ákveðna daga/kvöld.
- Möguleiki á minnkuðu staðbundnu námi – nám meira á eigin vegum – opnir tímar – aukin ábyrgð á eigin námi!
- Opnar fyrir hraðferð í tengslum við hefðbundna kennslu í bekkjarkerfinu (gulrót fyrir bekkjarkerfið). Góðir nemendur þyrftu því ekki að sitja eins marga tíma – gætu unnið mikið í gegnum Netið.
- Kennara gæfist betra tækifæri til þess að sinn slakari nemendum sem gæti dregið úr brottfalli
- Kemur sér vel fyrir óreglulega- og utanskólanemendur svo og nemendur sem af einhverjum ástæðum seinkar/gengur illa tímabundið í námi og þurfa á sérstakri alúð að halda.
- Styður nemendur sem þurfa að vera fjarverandi af einhverjum ástæðum td íþróttamenn. Gagnast einnig nemendum sem skipta um brautir.
- Auðveldar þjálfun mismunandi áhugahópa t.d. fyrir keppni í stærðfræði, efnafræði o.fl.
- Auglýsingagildi fyrir skólann – jákvæð ímynd út á við

IV. Lokaorð:

Hér á undan hefur verið fjallað um fyrirkomulag fjarkennslu/fjarnáms og taldir upp helstu kostir og gallar eins og þeir blasa við okkur. Það er álit okkar að ígrunduðu máli að fjarkennsla yrði mjög góð viðbót við kennsluframboð Menntaskólans við Sund og myndi án efa styrkja skólann ef vel væri að verki staðið. Við teljum hins vegar ekki endilega nauðsynlegt að hún komi einungis sem viðbót við hefðbundið nám í dagskóla eins og tíðkast í öðrum skólum, heldur lítum við til þess að fjarkennsla, sem tekin yrði upp hér væri fyrst og fremst hugsuð til þess að byggja upp og styrkja skólann okkar innan frá og veljum þess vegna að nota hugtakið netstutt/netvætt nám í þessu sambandi. Á tímum breytinga er öllum nauðsynlegt að líta í eigin barm og að okkar áliti er hægt að auka til muna fjölbreytileika þess kerfis sem við störfum í. Sjálfsagt er að koma til móts við kröfur samfélagsins um bætt aðgengi að námi og sveigjanlegra skólakerfi.

Að okkar mati gefur netstutt/netvætt nám möguleika á mun hærra þjónustustigi við nemendur. Nemendur eiga auðveldara með að fá nám við hæfi og sveigjanleiki í náminu verður meiri. Það verður meira einstaklingsmiðað sem gerir ákveðnar kröfur til nemandans og gerir hann ábyrgari fyrir eigin námi. Hann verður sjálfur að taka frumkvæði í náminu til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir. Við teljum að svona kerfi geti byggt upp bæði aukið frumkvæði og sjálfstraust hjá nemandanum.

Í lotukerfi eins og við hugsum okkur það eru námspakkar grunnskilyrði. Þarna gætu áhugasamir nemendur lokið viðfangsefninu á styttri tíma en dagskólinn býður upp á. Hverjum námspakka þarf að fylgja lokauppgjör, hugsanlega gagnvirk próf, sem gefa aðgang að næsta pakka og fría viðverukröfu í tímum. Þannig geta nemendur stýtt leið sína að lokatakmarki og/eða hagrætt námstíma sínum þ.e. þeim tíma sem þeir eyða í skólanum. Með þessum móti gætu þeir unnið sér inn lausan tíma sem nýta má fyrir nám í öðrum áföngum eða fjarveru

sem ekki er veitt leyfi fyrir í framhaldsskólanum svo sem ferðir með fjölskyldunni, íþróttafélögum o.fl.

Netvætt lotukerfi stuðlar að breyttu hugarfari nemenda. Þau þurfa að nálgast námsefnið á nýjan hátt og fjölbreytileiki í kennslunni stóreykst. Við teljum að með námspakkakerfinu sjái nemendur auðveldar fyrir endann á viðfangsefnum sínum sem eykur áhuga þeirra og getur hleypt kappi í kinn. Annað sem vert er að skoða er að með fækkandi nemendafjölda í tímum er betur hægt að sinna þeim nemendum sem sækja kennslustundir. Hópurinn er bæði minni og einsleitari og er að jafnaði þeir nemendur sem mesta aðstoð þurfa frá kennaranum.

Netstutt/netvætt nám opnar möguleika á úrræðum fyrir þá sem fá mörg Ó í stöðumati á miðri önn ásamt þeim sem illa rekast í bekkjum (trufla o.fl.). Þessa nemendur mætti taka út úr bekkjunum eftir stöðumatið og hafa í sér hóp, með sérúrræði, sem tengjast netvæddu námi. Aukin námsráðgjöf, aðstoð og aðhald gefur þeim möguleika á að standast önnina. Gangi það eftir fara þau aftur inn í bekkinn sinn. Þetta fyrirkomulag sjáum við fyrir okkur á báðum önnum fyrsta og annars árs.

Að okkar mati myndi Menntaskólinn við Sund eflast mjög við að taka upp netvætt lotukerfi. Nemendur geta fengið mikið út úr því og einnig teljum við að kerfið myndi falla í góðan jarðveg hjá foreldrum. Þarna geta þeir, ef þeir vilja, komið beint að námi barna sinna. Við teljum að skólinn fengi jákvætt umtal og aðsókn góðra nemenda myndi stórukast.

Innleiðing netvæddrar kennslu er viðamikil breyting fyrir kennara og nemendur. Gríðarlegt tímabundið álag við að taka upp fjarkennslu í hvaða formi sem hún er. Mikilvægt að allar breytingar í skólastarfinu séu teknar í góðri sátt og samvinnu við kennara sem eru fagmenn og eiga því að eiga stærstan hlut í skipulagi og uppbyggingu námsins. Góðir hlutir gerast hægt og þess vegna er mikilvægt að undirbúningurinn sé góður, þannig að vel til takist. Semja þarf við kennara um

launagreiðslur áður en farið er af stað og þarf skólinn að reikna með auknum útgjöldum í þessu sambandi.

Grunnforsenda þess að nettengt/netvætt nám geti átt sér stað er gott upplýsinga-/kennslukerfi. Það er mjög mikilvægt að valið sé kerfi sem er vel þekkt og góð reynsla er af. Eins og fram hefur komið er undirbúningsvinna kennara í nettengdu námi mikil og er því mikilvægt að vel sé haldið utanum öll gögn sem framleidd hafa verið.

Netvædd kennsla krefst virkrar endurmenntunar kennara. Þeir þurfa að læra að vinna í nýju námsumhverfi, gera fjölbreytt námsefni fyrir Netið, svo sem gagnvirk próf, talglærur o.fl. Mikilvægt er því að halda utan um kennara fyrstu skrefin og hjálpa þeim þannig að þeir fái sem mest út úr nemendum sínum. Nemendur þurfa einnig mikla ráðgjöf og utanumhald þannig að námið styrki þá og þeir nýti sér þá möguleika sem í boði eru.

Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám

Janúar 2007

Inngangur

Starfshópi um fjar- og dreifnám var falið samkvæmt erindisbréfi að kanna núverandi umfang og einkenni fjar- og dreifnáms í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla og huga sérstaklega að því hvernig fjar- og dreifnám getur stuðlað að jöfnun aðstöðu til náms óháð búsetu, bæði í framhaldsskóla og á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla. Hópnun var einnig falið að horfa til þess hvernig tryggja megi gæði í fjar- og dreifnámi og athuga sérstaklega vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara. Meginniðurstöður starfshópsins eru þær að til þess að bæta skipulag fjar- og dreifnáms og ýta undir áframhaldandi þróun þess séu tveir þættir mikilvægastir, að tryggja gæði í fjar- og dreifnámi og að jafna aðgengi að því. Til að ná þessum markmiðum er megintillaga starfshópsins að stofnuð verði upplýsingaveita þar sem upplýsingum um fjar- og dreifnám á Islandi verður safnað saman og komið á framfæri við alla þá sem áhuga hafa á námi á þessu formi.

Í starfshópnum eru:

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, formaður

Ingimar Árnason, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla

Ásta Ólafsdóttir, tilnefnda af Félagi grunnskólakennara

Hálf dán Örnólfsson, tilnefndur af Félagi framhaldsskólakennara

Helgi Arnarson, tilnefndur af Skólastjórafélagi Íslands

Sigrún Gunnarsdóttir, tilnefnd af Landssamtökunum Heimili og skóli

Kristín Hreinsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmaður hópsins er Jóna Pálsdóttir, menntamálaráðuneyti

Umfang og einkenni fjar- og dreifnáms

Til þess að skoða umfang og einkenni fjar- og dreifnáms hefur starfshópurinn tekið saman upplýsingar frá grunn- og framhaldsskólum sem bjóða upp á fjarnám (sjá fylgiskjal 1). Haft var samband við alla framhaldsskóla þannig að samantektin er nokkuð tæmandi, þó að mikil og hröð þróun sé í fjar- og dreifnámi og stöðugt fleiri skólar, sérstaklega framhaldsskólar, bjóði nú fjarnám eða dreifnám í einhverjum mæli. Varðandi umfjöllun um umfang fjar- og dreifnáms er að öðru leyti vísað til starfshóps um gerð tillagna um leiðir til að auka sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs, en sá starfshópur mun fjalla ítarlegar um það.

Jöfnun aðstöðu til náms óháð búsetu

Framboð á fjar- og dreifnámi hefur vaxið mjög á undanförunum árum, enda virðist eftirspurn eftir námi sem óháð er stað og stund aukast stöðugt. Meginmarkmið með fjar- og dreifnámi hefur frá upphafi verið að gefa þeim sem af einhverjum ástæðum geta ekki stundað framhaldsskólanám á hefðbundinn hátt tækifæri til að stunda nám, óháð búsetu. Hópurinn sem sækir fjar- og dreifnám er fjölbreyttur, þar er stór hópur af fullorðnu fólki á öllum aldri, framhaldsskólanemendur sem vilja flýta fyrir sér og taka staka áfanga í fjar- og dreifnámi og sístækkandi hópur grunnskólanemenda sem vill taka

Fylgiskjal I c

framhaldsskólaáfanga. Aukið framboð á fjar- og dreifnámi hefur á undanförnum árum veitt miklu fleirum tækifæri til náms en annars hefði verið og þannig stuðlað að jöfnun aðstöðu til náms, óháð búsetu. Þó er ljóst að breytinga er þörf, sérstaklega hvað varðar grunnskólanemendur. Staðan í dag samkvæmt niðurstöðum úr könnunum menntamálaráðuneytisins¹ er þannig að mjög mismunandi er hversu aðgengilegt fjar- og dreifnám er fyrir grunnskólanemendur, bæði hvað varðar upplýsingagiöf um möguleika á fjar- og dreifnámi til þeirra og hvernig greiðslum fyrir námið er háttáð, hver greiðir og hversu mikið er greitt fyrir námið. Töluvert er um að grunnskólanemendur greiði sjálfir fyrir fjar- og dreifnám, þó reyndar sé algengara að grunnskólarnir/sveitarfélagið greiði fyrir grunnskólanemendur. Til að tryggja sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla er mikilvægt að öllum grunnskólanemendum standi til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla, án þess að þurfa að greiða fyrir það sérstaklega. Einnig er mikilvægt að jafna aðstöðu allra nemenda í fjar- og dreifnámi á framhaldsskólástigi með því að setja reglur um leyfilega gjaldtöku fyrir fjarnám.

Gæði í fjar- og dreifnámi

Starfshópurinn er sammála um að nauðsynlegt sé að tryggja gæði í fjar- og dreifnámi. Þó að öllum framhaldsskólum sé skylt að hafa virkt gæðakerfi, sjálfsmatskerfi, nær það sjaldnast til fjar- og dreifnáms. Mikilvægt er því að skólarnir útfæri sín gæðakerfi þannig að þau nái líka til fjar- og dreifnáms. Auk þess leggur starfshópurinn til að sett verði á fót upplýsingaveitu þar sem upplýsingum um fjar- og dreifnám er safnað saman og þær gerðar aðgengilegar. Nauðsynlegt er að upplýsingaveitan útbúi staðlað form fyrir upplýsingar um fjar- og dreifnám (lýsigögn) til þess að samræmdar upplýsingar verði skráðar um allt það nám sem auglýst er á upplýsingaveitunni. Þetta auðveldar notendum að bera saman þá áfanga eða nám sem í boði er og meta þar með bæði inntak og þjónustustig. Notendur upplýsingaveitunnar gætu með þessu móti nálgast ítarlegar upplýsingar um fjar- og dreifnám á einum stað, hvaða áfangar eða námsgreinar eru í boði og hvar, upplýsingar um kennara og allt námsskipulag, hvernig kennslunni er háttáð, hversu mikil samskipti eru á milli kennara og nemenda og á hvaða formi þau eru. Þar verður einnig að finna upplýsingar um réttindi og skyldur bæði kennara og nemenda og ýmis praktísk atriði, s.s. um skráningu og verð. Upplýsingaveitan gerir notendum þannig auðvelt að skoða hvað er í boði og leggja mat á hvað hentar þeim.

Upplýsingaveitan tryggir einnig samkeppni milli skóla sem bjóða upp á fjar- og dreifnám, vegna þess að notendur eiga auðveldara með að bera saman upplýsingar frá hverjum skóla. En hún gefur líka færi á aukinni samvinnu milli skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla. Samvinnan gæti bæði birst í því að einn grunnskóli býður fjarnám í gegnum upplýsingaveituna í ákveðinni námsgrein á unglingsstigi grunnskóla og nokkrir aðrir grunnskólar senda sína nemendur í það. Einnig getur samvinnan virkað vel þegar upp kemur sú staða í framhaldsskólum að kennslu vantar fyrir mjög fáa nemendur í ákveðnum áföngum sem ekki eru í boði í einstökum skólum. Þessar upplýsingar safnast hjá upplýsingaveitunni

¹ Kannanir á vegum menntamálaráðuneytisins um fjar- og dreifnám í framhaldsskóla og á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla sem lagðar voru fyrir í grunn- og framhaldsskólum á haustmánuðum 2006.

Fylgiskjal I d

sem hefur milligöngu um að athuga hvort einhver skólanna hafi tök á að bjóða þennan tiltekna áfanga sem kannski 2-3 nemendur úr nokkrum skólum þurfa á að halda.

Ekki er gert ráð fyrir miklum rekstrarkostnaði við upplýsingaveituna, eitt til tvö stöðugildi, auk stofnkostnaðar vegna vélbúnaðar og hönnunar hugbúnaðar.

Fjar- og dreifnám í aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla

Þar sem aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla tekur ekki með fullnægjandi hætti á ýmsum atriðum er varða réttindi og skyldur nemenda er stunda fjar- og dreifnám er brýnt að fram fari endurskoðun á námskránni með tilliti til þessara atriða. Hér er einkum vísað til kafla er fjalla um námskipan, innritun og þjónustu, skólasókn, skráningu í próf, brotthvarf frá námi, reglur um námsframvindu, nám utan skóla og fullorðinsfræðslu. Sérstaklega þarf að skoða hvort og þá undir hvaða kringumstæðum heimilt sé að taka gjald af nemendum. Á sama hátt þarf að skoða aðalnámskrá fyrir grunnskóla með tilliti til fjar- og dreifnáms.

Vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara

Vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara í fjar- og dreifnámi hefur verið til umfjöllunar undanfarin ár milli hagsmunaaðila. Starfshópurinn er sammála um að mikilvægt sé að skoða þessi mál nánar, t.d. með því að stofna starfshóp hagsmunaaðila sem skoði hvort og í hvaða mæli nauðsynlegt er að setja sérstök ákvæði um fjarkennslu eða aðlaga einstök ákvæði þannig að kjarasamningur kennara nái örugglega utan um þær aðstæður sem skapast við fjarkennslu.

Starfshópurinn er sammála um að meta beri fjarkennslu á sama grunni og staðbundna kennslu þannig að framlög til fjarkennslu séu sambærileg við framlög til staðbundinnar kennslu. Rökin fyrir þessu eru þau að fjarnámsnemar eiga að fá jafnmikla og góða þjónustu og staðnemendur. Þetta felur í sér að fjarkennslueiningar verði metnar á sambærilegan hátt og aðrar einingar í reiknilíkani fyrir framhaldsskóla. Stjórnendur skóla meta í hverju tilviki hvort rétt sé og mögulegt að bjóða upp á fjarkennslu með hliðsjón af fjárhagsramma, kostnaði, þeirri þörf sem fyrir liggur og samkvæmt faglegum forsendum.

Tillögur starfshóps um fjar- og dreifnám

1. Að sett verði á fót upplýsingaveita þar sem upplýsingum á stöðluðu formi verður safnað saman um fjar- og dreifnám sem er í boði er á hverjum tíma á Íslandi og þeim komið á framfæri við þá sem áhuga hafa á að stunda fjar- og dreifnám.
2. Að grunn- og framhaldsskólum verði skylt að láta sjálfsmatskerfi skólanna ná til fjar- og dreifnáms jafnt og til dagskólanáms.
3. Að settar verði ákveðnar reglur um að grunnskólanemendur hafi jafnan aðgang að fjar- og dreifnámi í framhaldsskóla og þurfi ekki sjálfir að greiða fyrir námið.
4. Að endurskoða aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla með tilliti til fjar- og dreifnáms, einkum hvað varðar réttindi og skyldur nemenda. Einnig er mikilvægt að skoða hvort og þá undir hvaða kringumstæðum heimilt sé að taka gjald af nemendum.
5. Að stofnaður verði starfshópur hagsmunaaðila sem hefði það hlutverk að skoða hvort og í hvaða mæli nauðsynlegt er að setja sérstök ákvæði um fjarkennslu eða aðlaga einstök ákvæði þannig að kjarasamningur kennara nái örugglega utan um þær aðstæður sem skapast við fjarkennslu.
6. Að gert verði stóráttak í útgáfu íslenskra rafrænna kennslugagna.
7. Að efla endurmenntun og þjálfun kennara sem taka að sér kennslu í fjar- og dreifnámi, með áherslu á aukna samvinnu milli kennara úr ólíkum skólum.

Lokaorð

Fjar- og dreifnám hefur verið í boði um alllangt skeið og eftirspurn eftir því hefur verið vaxandi, sérstaklega á síðustu árum. Fjar- og dreifnám er ný námsleið í viðbót við hefðbundið dagskólanám. Hin mikla nýsköpun sem orðið hefur á þessu sviði hefur haft mikil áhrif á hefðbundna námið, sérstaklega hvað varðar kennsluaðferðir og samskipti við nemendur. Þróunin hefur verið mjög hröð á allra síðustu misserum og virðist vera sívaxandi eftirspurn eftir fjar- og dreifnámi. Margir skólar, sérstaklega framhaldsskólar, hafa brugðist við þessu og sífellt fleiri skólar bjóða nú upp á fjar- og dreifnám.

Eins og tillögur starfshópsins bera með sér er mikilvægt að setja reglur um ýmsa þætti fjar- og dreifnáms, sérstaklega þá er varða gæði námsins, aðgengi að því og vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara. Þó mega reglur um þessa nýju námsleið sem er að mestu leyti sjálfsprottin innan skólanna ekki hefta frumkvæði þeirra. Regluramminn sem starfshópurinn leggur til að settur verði um fjar- og dreifnám verður að veita skólunum nauðsynlegt faglegt svigrúm fyrir nýsköpun og þróun, efla fagmennsku, veita kennurum gott vinnuumhverfi og starfsaðstæður og treysta réttindi og skyldur nemenda.

Efni á heimasíðu Skýrr 07.02.08 <http://www.skyrr.is/thjonusta/webct/>

WebCT

Nútíma kennslutækni á vef

WebCT er hugbúnaður sem gerir kennara kleift að útbúa námskeið á Netinu, hvort heldur fyrir fjarnám eða sem stuðningur við hefðbundna kennslu í stofu. Öll samskipti við WebCT fara fram með vafra (browser) og þar með talin er hönnun og uppsetning námskeiða, þátttaka og vinna nemenda, úrlausn og yfirferð prófa og fleira. Hægt er að nálgast einfalt viðmótið á Netinu, hvar og hvenær sem er.

Námsefni á vefsíðusniði

Kennari býr sjálfur til eigið námsefni á HTML-sniði. Til þess getur hann notað hvaða HTML-ritil sem er eða notað um-breytingartól í ritvinnslu. Hægt er er að setja námsefni fram á þrjá vegu í WebCT:

Sjálfstæðar vefsíður á Netinu, sem opnast í sérgluggum.

Stakar vefsíður innan WebCT, sem opnast í sérgluggum, oft samkvæmt fyrir ákveðnum skilyrðum.

Röð eða knippi vefsíðna á sameiginlegri slóð, sem nemandinn fer eftir á fyrirfram ákveðinn hátt.

WebCT skiptist í þrjá meginþætti

Uppsetningartól, sem kennari notar til að setja upp námskeið, ákvarða liti, teljara, bakgrunna, texta osfrv.

Nemendatól, sem kennari velur á námskeiðið, svo sem samskiptatæki, próf, dagatal, glósur, hópvinnutæki, heimasíður nemendur ofl.

Stjórnunartól til að hafa yfirlit með framvindu nemenda og árangri, þar með talin prófagerð, gagnagrunnur fyrir nemendur, nafnlausar kannanir, skýrslugerð ofl

Fimm mismunandi prófspurningar Í WebCT er hægt að undirbúa próf með níu mismunandi gerðum af spurningum:

Satt/ósatt-spurningar

Fjölvalsspurningar

Samstæðuspurningar

Eyðufyllingar

Opnar spurningar; stuttar og langar

Hægt er að láta WebCT fara sjálfkrafa yfir flestar gerðir spurninga (nema opnar) og gefa nemendum einkunn um leið og þeir hafa lokið prófi. Kennari fer yfir og metur svör nemenda við opnum spurningum á Netinu. Nafnlausar kannanir eru líka mögulegar, en þá getur kennari ekki tengt svör einstakra nemenda við þá sjálfa og þannig fengið mat á ýmsum þáttum þar sem nemandinn sjálfur er ekki prófaður.

Efni á heimasíðu Skýrr 07.02.08 <http://www.skyrr.is/thjonusta/webct/>

WebCT (framhald)

Kennari velur tólin fyrir nemendur

Dæmi um nemendatól, sem kennarar geta sett á námskeiðin, eru sem hér segir:

Lokað ráðstefnukerfi innan námskeiðs

Lokað póstkerfi innan námskeiðs

Próf sem gefa einkunnir

Sjálfspróf og kannanir sem gefa ekki einkunn

Glósur nemenda

Heimasíður nemenda

Myndasafn með leit

Verkefnaskil á HTML-sniði

Námsaðstoð og prentun námsgagna

Dagatal þar sem hægt er að skrá atburði

Stofnanasamningur um greiðslur fyrir fjarkennslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri

1. Gildissvið:

Litið er á þennan samning sem hluta af stofnanasamningi Verkmenntaskólans á Akureyri og félaga í KÍ.

2. Gildistími:

Stofnanasamningurinn gildir til 30. apríl 2008 en skal endurskoðaður fyrir 1. maí 2007.

3. Markmið:

3.1 Markmið fjarkennslu VMA

Helstu markmið fjarkennslu VMA eru þessi:

Að bjóða nám á framhaldsskólastigi í sem flestum áföngum sem kenndir eru á námsbrautum í dagskóla VMA. Einnig að bjóða uppá áfanga sem eru í eðlilegu framhaldi af þessum námsbrautum svo sem í meistaraskóla iðnaðarmanna.

Að námskröfur og fagmennska í námsgrein og kennsluháttum verði sífellt til skoðunar.

Að halda samfelldu sambandi við nemendur í fjarnámi með vikulegum samskiptum og endurgjöf til nemenda.

Að leggja áherslu á að þjóna þeim nemendum sem ekki eiga kost á öðru námi í framhaldsskóla vegna búsetu eða annarra aðstæðna.

Að bjóða kennurum á framhaldsskólastigi uppá tækifæri til kennslu með fjölbreyttum hætti.

3.2. Markmið samkomulagsins

Að greiða kennurum fyrir vinnu við fjarkennslu með þeim hætti að fólk vilji taka kennsluna að sér og vinna faglega.

Að greitt sé fyrir þá vinnu sem fylgir hverjum nemanda.

Að stuðla að því að kennarar haldi reglulegu sambandi við nemendur og gefi þeim eðlilegt aðhald í náminu.

Að stjórnendur VMA og fjarkennslunnar geti haft áreiðanlegar upplýsingar um ástundun nemenda yfir önnina á sambærilegan hátt og miðannarmat og mætingar nemenda í dagskóla gefa mynd af því hvernig nemendur stunda námið

4. Um útreikning á tímafjölda fyrir fjarkennslu.

Kennslustundafjöldi fyrir hvern áfanga er fundinn með eftirfarandi formúlu:

$(\text{nemendafjöldi/viðmiðunartala}) * \text{einingafjöldi áfanga} * 2$

Viðmiðunartalan ræðst af því hversu margir nemendur hafa farið í gegnum áfangann.

Viðmiðunartölurnar eru:

8 nemendur fyrir nýjan áfanga, 10 nemendur fyrir áfanga sem 8 - 14 nemendur hafa farið í gegnum og 13 fyrir áfanga sem 15 nemendur eða fleiri hafa lokið.

Ef kennari tekur við áfanga sem færður hefur verið í fjarkennslubúning er viðmiðunartalan 13 nemendur.

ATH! Þetta er sama formúla og notuð hefur verið undanfarin ár.

5. Um endurskoðun tímafjölda á önninni.

Hverri kennsluönn er skipt í þrjú tímabil sem nema samtals 18 vikum og er útreikningur á kennslustundafjölda byggður á upplýsingum um virka nemendur á hverju tímabili.

Fyrstu 6 vikurnar er greitt fyrir þá nemendur sem eru skráðir til náms í áfanganum.

Næstu 4 vikur er greitt fyrir þá nemendur sem teljast virkir samkvæmt yfirliti 1 (sbr. 7. grein) um ástundun nemenda.

Næstu 4 vikur þar á eftir er greitt fyrir þá nemendur sem teljast virkir samkvæmt yfirliti 2 (sbr. 7. grein) um ástundun nemenda.

Síðustu 4 vikurnar er greitt fyrir þá nemendur sem skila sér til prófs (sem fá lokaekinn).

Í lok annar fer fram lokauppgjör sem byggist á lokayfirliti um ástundun nemenda og eru þá gerðar leiðréttingar á kennslustundafjölda hafi miðannaryfirlit og skráning til lokaprófa ekki skilað nægilega nákvæmum upplýsingum um ástundun nemenda.

Kennarar fá greitt fyrir þá nemendur sem eru virkir á hverju tímabili annarinnar. Ef nemandi bætist við þegar önnin hefur byrjað fær kennari greitt fyrir nemandann frá byrjun annarinnar og til loka eða þar til nemandinn hefur fallið af skrá.

Fylgiskjal III c

Ef enginn nemandi er virkur í áfanga að liðnum fyrstu 6 vikum annar, fær kennari greitt fyrir einn nemanda það sem eftir lifir annar svo fremi að skráðir nemendur hafi verið 2 eða fleiri. Að öðrum kosti falla greiðslur niður eftir fyrstu 6 vikurnar.

6. Um tilhögun fjarkennslu.

Fjarkennsla VMA gerir ráð fyrir að lögð séu verkefni fyrir nemendur vikulega í a.m.k tólf vikur á hverri önn. Nemendum ber að skila lausnum reglulega og innan tilskilins tíma. Kennurum ber að veita endurgjöf innan tilskilins tíma. Skilaskylda verkefna nær yfir alla fjarkennslu VMA.

Ef kennari hyggst leggja færri en 12 verkefni fyrir á önninni ber honum að leita heimildar fyrir því hjá kennslustjóra . Kennslustjóri veitir slíka heimild sé hægt að færa rök fyrir því að slíkt fyrirkomulag komi ekki niður á samskiptum kennara og nemenda og gæðum kennslunnar.

7. Um mat á því hvenær nemendur teljast virkir og upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Kennslustjóri fjarkennslu heldur skrá yfir nemendur í hverjum áfanga og fyrstu greiðslur til kennara miðast við þá skrá sem kennslustjórinn hefur þegar liðnar eru tvær vikur af kennslutímabili fjarkennslunnar.

Nemandi telst óvirkur ef:

Engu verkefni hefur verið skilað þegar 4 vikur eru liðnar af kennslutímabilinu.

Færri en 3 verkefnum eða minna en 25% hefur verið skilað þegar 8 vikur eru liðnar af kennslutímabilinu.

Færri en 4 verkefnum eða minna en 34% hefur verið skilað þegar 12 vikur eru liðnar af kennslutímabilinu.

Hafi nemandi sem telst óvirkur ekki gefið fullnægjandi skýringar á því hvers vegna hann stundar ekki námið er hann tekinn af skrá og reiknast því ekki með þegar kennslustundafjöldi er ákvarðaður.

Kennari skal skila upplýsingum til kennslustjóra um stöðu verkefnaskila samkvæmt:

Yfirliti 1 í síðasta lagi 10. október fyrir kennsluvikur 1-4 á haustönn

Yfirliti 2 í síðasta lagi 10. nóvember fyrir kennsluvikur 1-8 á haustönn .

Yfirliti 3 í síðasta lagi 10. desember fyrir kennsluvikur 1-12 á haustönn .

Yfirliti 1 í síðasta lagi 15. febrúar fyrir kennsluvikur 1-4 á vorönn

Yfirliti 2 í síðasta lagi 15. apríl fyrir kennsluvikur 1-8 á vorönn .

Yfirliti 3 í síðasta lagi 10. maí fyrir kennsluvikur 1-12 á vorönn.

Ef kennari sinnir því ekki að skila inn upplýsingum um ástundun nemenda er fjöldi virkra nemenda á önninni áætlaður með hliðsjón af skráningu til prófa.

8. Um stundakennara í fjarkennslu.

Gildir um kennara sem ekki eru þegar í heilli stöðu hjá ríkinu.

Ef kennslustundafjöldi í upphafi annar nemur að lágmarki 25% af kennsluskyldu getur kennari valið á milli tímabundinnar ráðningar í stöðuhlutfall eða stundakennslu. Við ákvörðun stöðuhlutfalls er miðað við 80% af reiknuðum kennslustundafjölda í upphafi annar en svo er stöðuhlutfallið gert upp í lok annar miðað við veginn kennslustundafjölda fjögurra tímabila sbr. gr. 5.

9 Kennsluferill í fjarkennslu.

VMA heldur skrá um kennsluferil kennara í fjarkennslu.

Miðað er við ákvæði í kjarasamningi FF og fjármálaráðherra um talningu kennsluferils. Það gildir um þá kennara sem ekki fá kennsluferil talinn í öðrum framhaldsskólum.

10. Ákvæði um meðferð ágreiningsmála.

Samstarfsnefnd stjórnenda og kennara í VMA fjallar um ágreiningsmál sem snerta þetta samkomulag.

11. Undirritun

Eyrarlandsholti 1. september 2006

f.h. Verkmenntaskólans á Akureyri

Hjalti Jón Sveinsson
skólameistari

Sigríður Huld Jónsdóttir
aðstoðarskólameistari

Björk Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri

Ingimar Árnason
kennslustjóri fjarkennslu

f.h. féлага í KÍ

Jóhannes Árnason
fulltrúi kennara í samstarfsnefnd

Hjördís Stefánsdóttir
fulltrúi kennara í samstarfsnefnd

Ólafur Kjartansson
fulltrúi kennara í samstarfsnefnd

Baldvin Ringsted
fulltrúi stjórnenda í samstarfsnefnd

Bókun um vinnu að mótun reglna um vinnuhætti í fjarkennslu.

Tekin verði upp umræða um kennsluhætti í fjarkennslu, áherslu á gagnvirkni, WebCt o.fl. Hugmyndin er að auka samræmi í kennsluháttum til að tryggja reglubundin samskipti við nemendur og að vinna gegn brottfalli. Ennfremur að skoða möguleika til að greiða sérstaklega fyrir þróunarvinnu.

Fylgiskjal IV

Samkomulag um fjarnámsgreiðslur í FÁ árið 2006

Kennarafélag Fjölbrautaskólans við Ármúla og skólameistari FÁ. gera með sér svofellt samkomulag um fyrirkomulag fjarnámsgreiðslna frá og með 1. janúar 2006 til 31. desember 2006. Fastagjald (kr. 3200) í samkomulagi þessu er óbreytt á samningstímabilinu

1. Fastagjald

- Við kennslu áfanga í fjarnámi skal greiða eitt fastagjald á hvern kenndan áfanga, kr. 10.000.-. Til viðbótar eru greiddar kr. 5000 á hverja kennda einingu.

2. Kennslupáttur.

- Fyrir kennslu fjarnámsáfanga á einni önn skal greiða samkvæmt eftirfarandi reikniformúlu:
Fjöldi staðfesta nemenda í áfanga (N)
Kennd eining (E)
Taxti (T) er kr. 3200.- (jafnaðargjald) umreiknað í launaflokk viðkomandi kennara.

Kennslupáttur: $N \times E \times T$

Ef nemendaeining (þ.e. fjöldi nemenda x kennd eining) er umfram 90 eru þær einingar sem umfram eru margfaldaðar með 0,85.

Kennslupáttur: $(90 \times T) + ((NE - 90) \times 0,85) \times T$

3. Prófabáttur.

- Fyrir prófsamningu og prófyfirferð skal greiða skv. eftirfarandi reikniformúlu:
Fjöldi saminna prófa (P) skal ávallt vera 2 (aðalpróf og aukapróf) og greiðast fyrir það 8 klst.
Fjöldi nemenda (N) sem mætir til prófs.
Yfirferð úrlausna (Y) skal vera 20 mínútur á úrlausn (umreiknað í klst)
Taxti (T) er kr. 3200.

Prófabáttur: $((N \times Y) + P) \times T$

Reykjavík 10. febrúar 2006

T er nú jan. 2008 kr. 3.358,7
óhs

Verzlunarskóli Íslands. Námsgjöld á vorönn 2007

Innritunargjald

Nemandi sem skráir sig í fjarnám, greiðir **5.000** krónur í innritunargjald, óháð einingafjölda. Nemendur sem eru í dagskóla Verzlunarskólans greiða ekki innritunargjald vegna fjarnáms. Grunnskólanemendur sem eru í fjarnámi á vegum síns skóla, greiða aðeins 3500 krónur í innritunargjald, ekkert kennslugjald.

Kennslugjald

Verð fyrir hverja námseiningu er **2.000** krónur.

Athugið að námseining er aftasti stafurinn í númeri áfangans, t.d. er áfanginn NÁT 103, 3 námseiningar og verð fyrir hann er 6000 krónur.

Nemendur í dagskóla Verzlunarskólans greiða aðeins kennslugjald, ekkert innritunargjald.

Endurgreiðsla

Endurgreiðslum hefur verið hætt en verð á námseiningu hefur verið lækkað um þriðjung á móti.

Nemandi sem hættir í áfanga á önn getur ekki fengið námsgjöld endurgreidd.

Námsgjöld gilda fyrir eina önn.

Verðskrá

Verðskrá sem gildir fyrir fjarnemendur sem **ekki** eru nemendur í dagskóla Verzlunarskóla Íslands

Einingar	Innritunargjald	Kennslugjald	Alls	Endurgreitt
1	5.000	2.000	7.000	0
2	5.000	4.000	9.000	0
3	5.000	6.000	11.000	0
4	5.000	8.000	13.000	0
5	5.000	10.000	15.000	0
6	5.000	12.000	17.000	0
7	5.000	14.000	19.000	0
8	5.000	16.000	21.000	0
9	5.000	18.000	23.000	0
10	5.000	20.000	25.000	0
11	5.000	22.000	27.000	0
12	5.000	24.000	29.000	0
13	5.000	26.000	31.000	0
14	5.000	28.000	33.000	0
15	5.000	30.000	35.000	0
16	5.000	32.000	37.000	0
17	5.000	34.000	39.000	0
18	5.000	36.000	41.000	0

Próftökugjald er ekkert sé próf tekið í Verzlunarskólanum. Óski nemandi eftir því að taka prófið annars staðar, t.d. í sendiráði eða í menntastofnun á búsetusvæði sínu, gæti hann þurft að greiða próftökugjald á viðkomandi stað. Gjaldið er mismunandi og ákveðið af ábyrgðarmanni á próftökustað. Algengt gjald er kr. 0 - 2.000 krónur.

Verðskrá á vorönn 2008

Innritunargjald er kr. 6.250 og það óendurkræft. Hver eining kostar 1.500 krónur. Ekki er hægt að skipta greiðslum og einingagjald er aðeins endurgreitt í undantekningatilfellum. Verðskráin lítur svon

1 eining	7.750 kr.
2 einingar	9.250 kr.
3 einingar	10.750 kr.
4 einingar	12.250 kr.
5 einingar	13.750 kr.
6 einingar	15.250 kr.
7 einingar	16.750 kr.
8 einingar	18.250 kr.
9 einingar	19.750 kr.

Áfangi sem er 1 eining er t.d. TÖL 121, 2 einingar t.d. ÍSL 202 og 3 einingar s.s. DAN 103.

Þeir sem óska eftir að taka fleiri en 9 einingar á önn þurfa fyrst að skrá sig á önnina og síðan að hafa samband við fjarnámsstjóra Steinunni H. Hafstað. Netfangið er fjarnam@fa.is og sími skólans 5814022.

Ef leyfi hefur fengist til þess að taka fleiri einingar bætast við kr. 1500 fyrir hverja einingu eða 4500 fyrir 3ja eininga áfanga.

10 einingar	21.250 kr.
11 einingar	22.750 kr.
12 einingar	24.250 kr.
13 einingar	25.750 kr.
14 einingar	27.250 kr.
15 einingar	28.750 kr.
16 einingar	30.250 kr.
17 einingar	31.750 kr.
18 einingar	33.250 kr.

Nemendur sem óska eftir mati á fyrra námi til að kanna stöðu sína geta sent gögn sín á skrifstofu skólans. Gjald fyrir námsmat er kr. 2000.

Fjarkennsla í FG

14.12.'07

Verðskrá Vorönn 2008

Fjöldi áfanga	Kgj.	Innrit. gj.	Samt.	Endurgr. fyrir að koma í próf	Endurgr. fyrir að koma í próf og standast próf
1	12.000	6.500	18.500	4.800	7.200
2	24.000	6.500	30.500	9.600	14.400
3	36.000	6.500	42.500	14.400	21.600
4	48.000	6.500	54.500	19.200	28.800
5	60.000	6.500	66.500	24.000	36.000
6	72.000	6.500	78.500	28.800	43.200
7	84.000	6.500	90.500	33.600	50.400
8	96.000	6.500	102.500	38.400	57.600
9	108.000	6.500	114.500	43.200	64.800
10	120.000	6.500	126.500	48.000	72.000

Fylgiskjal VIII

Greiðslur

Greiðslur

Innritunargjald kr. 4.250.- greiða einungis þeir nemendur sem skráðir eru í 9 einingar eða fleiri. Innritunargjald er óafturkræft.

Allir nemendur greiða kennslugjald við innritun samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá. Almennt gildir að þeir nemendur sem ljúka prófum í að lágmarki 9 einingum fá kennslugjald, vegna þeirra eininga sem þeir ljúka prófum í, endurgreitt í lok annar.

ATHUGAÐU, að kennslugjaldið felur ekki í sér námsgögn, tengigjald við tölvunetið, próftökugjald eða t.d. sendingarkostnað prófurlausna erlendis frá.

Kennslugjaldið (Kgj.) er reiknað á grundvelli fjölda eininga, sem nemandi velur. Í töflunni hér fyrir neðan er fjöldi valinna eininga í fyrsta dálki (Ein.), gjald á hverja ein. í öðrum (Kr.pr.ein.) og kennslugjaldið (margfeldi valinna ein. og gjalds á hverja ein.) í þeim þriðja (Kgj).

Ein.	Kr.pr. ein.	Kgj	Innrit. gjald	Samt.		Ein.	Kr.pr. ein.	Kgj	Innrit. gjald	Samt.
1	5.000	5.000		5.000		11	4.500	49.500	4.250	53.750
2	5.000	10.000		10.000		12	4.500	54.000	4.250	58.250
3	5.000	15.000		15.000		13	4.400	57.200	4.250	61.450
4	5.000	20.000		20.000		14	4.400	61.600	4.250	65.850
5	5.000	25.000		25.000		15	4.400	66.000	4.250	70.250
6	5.000	30.000		30.000		16	4.400	70.400	4.250	74.650
7	4.500	31.500		31.500		17	4.400	74.800	4.250	79.050
8	4.500	36.000		36.000		18	4.400	79.200	4.250	83.450
9	4.500	40.500	4.250	44.750		19	4.300	81.700	4.250	85.950
10	4.500	45.000	4.250	49.250		20	4.300	86.000	4.250	90.250